



Blönduósi, 4 . maí 2017

## Nefndasvið Alþingis

### **Þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2018 -2022, 402 mál**

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra hefur farið yfir þingsályktunartillöguna og greinargerðina sem henni fylgir hvar varðar málaflokka sýslumanna, en sýslumenn falla undir útgjaldaramma málefnsviðs 10 um réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýslu dómsmála.

Þann 1. janúar 2015 var löggæsla alfarið skilin frá verkefnum sýslumanna og umdæmi sýslumanna stækkuð og og fækkað úr 24 í 9. Tilgangur breytinganna var m.a. að efla rekstur og starfsemi sýslumannsembættanna og gera þau betur í stakk búin til að taka við nýjum verkefnum.

Í dag rétt rúmum tveimur árum eftir framangreindar breytingar þá segir um starfsemi og helstu áskoranir embættanna á bls. 193 í þingsályktunartillögunni, að þau eigi við mikinn rekstrarhalla að gíma og að ekki hefur enn tekist að skapa þeim fullnægjandi rekstrargrundvöll og að jafnvægi muni ekki nást í rekstri embættanna nema leyst verði úr eldri halla sem að hluta til má rekja til uppsafnaðs halla frá forverum þeirra. Þrátt fyrir að brugðist hafi verið við með niðurfellingu eldri halla að hluta, hefur ekki tekist að skapa þeim fullnægjandi rekstrargrundvöll miðað við óbreytta starfsemi. Jafnvægi muni ekki nást í rekstri embættanna, nema leyst verði úr eldri halla og auknar fjárveitingar komi til. Að öðrum kosti mun þurfa að draga verulega úr starfsemi embættanna í formi fækkunar afgreiðslustaða og starfsfólks. Á komandi árum er gert er ráð fyrir að þjónusta sýslumanna færist í auknum mæli í rafrænt form sem muni hafa töluverð áhrif á rekstur embættanna. Vænta má þess að kostnaður muni aukast tímabundið á meðan á innleiðingu stendur, en til lengri tíma lítið ætti að hljótast af þessu nokkur sparnaður.

Sýslumannsembættin í landinu hafa með að gera ýmis sameiginleg lögboðin verkefni en helsti munur á verkefnum þeirra innbyrðis er að sýslumannsembættin á landbyggðinni sjá um innheimtu opinberra gjalda en í umdæminu á höfuðborgarsvæðinu sinnir Tollstjóri því umfangsmikla og mikilvæga verkefni.

### **Sérverkefni sýslumannsembættisins á Norðurlandi vestra:**

#### **IMST**

Nokkur sýslumannsembætti hafa tekið að sér sérverkefni en það umfangsmesta er gangsetning innheimtumiðstöðvar sekta og sakarkostnaðar (IMST) á Blönduósi árið 2005. Frá gangsetningu IMST hafa verkefni embættisins aukist til muna og hefur embættið jafnframt notið stuðnings Norðvesturnefndar forsætisráðuneytisins sem sett var á laggirnar til styrkingar atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Aðalskrifstofa: Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós  
Sýsluskrifstofa: Suðurgata 1, 550 Sauðárkróki  
Sími 458-2500, símbref 458-4539



## SÝSLUMADURINN Á NORÐURLANDI VESTRA

Í dag er annast embættið eftirtalin innheimtuverkefni auk reglulegra verkefna sýslumanna og innheimtu ríkissjóðs á opinberum gjöldum:

- Sektor og sakarkostnað
- Endurkröfur bóta sem ríkissjóður hefur greitt þolendum afbrota.
- Endurkröfur vegna gjafsóknarmála
- Stjórnvaldssektir, féviti, dagsektir, sáttir og eftirlitsgjald Fjármálaeftirlitsins
- Kröfur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innt af hendi umfram rétt.
- Endurkröfur vegna ofgreiðslna hjá Vinnumálastofnun.
- Dagsektir Vinnueftirlitsins.
- Dagsektir Matvælastofnunar.
- Dagsektir Persónuverndar

Innheimtuárangur IMST:

- 2011 nam innheimtuárangurinn kr. 2.1 milljarði
- 2012 - “ - kr. 2.6 milljörðum
- 2013 - “ - kr. 2.7 milljörðum
- 2014 - “ - kr. 2.7 milljörðum
- 2015 - “ - kr. 2.6 milljörðum
- 2016 - “ - kr. 2.8 milljörðum.

Hér er um að ræða afar mikilvæga fjáröflun til ríkissjóðs þar sem samlegðaráhrif við skattainnheimtuna nýtast afar vel með þjálfuðu starfsfólki, góðum tækjabúnaði og húsnæði.

Það skal tekið sérstaklega fram að þessi verkefni heyra undir tvö ráðuneyti:


- Dómsmálaráðuneyti
- Fjármálaráðuneyti

### **Framkvæmd laga um sjóði og stofnanir / sjálfseignarstofnanir.**

Í sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki annast embættið auk reglulegra verkefna sýslumanna umsjón með framkvæmd laga um sjóði og stofnanir sem starfa skv. staðfestri skipulagsskrá / sjálfseignarstofnanir skv. lögum nr. 19/1988, en því verkefni fylgir mikil vinna, utanumhald og upplýsingagjöf.

Lögð er áhersla á að embættinu á Norðurlandi vestra verði gert kleift að sinna þessum verkefnum, ásamt lögboðnum verkefnum sýslumanna svo vel fari, en hér er um að ræða sérstöðu sýslumannsembættisins á Norðurlandi vestra sem hafa ber í huga þegar ákvarðaðar eru fjárveitingar til reksturs þess.

Virðingarfyllst,

  
Bjarni Stefánsson, sýslumaður



Aðalskrifstofa: Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós  
Sýsluskrifstofa: Suðurgata 1, 550 Sauðárkróki  
Sími 458-2500, símbref 458-4539